

Athugasemdir við hönnunarstefnu 2019 - 2027

Flestir löggildir hönnuðir á Íslandi eru verkfræðingar. Þetta þarf ekki að koma á óvart enda landið strjálbýlt og harðfengið. Byggja hefur þurft brýr, hafnir, virkjanir og raflínur.

Það er svo sem lítil sannleikur í tölum einum og sér og ekki gerir það verkfræðinga á neinn hátt öðrum hönnuðum fremri að við séum „stærsta liðið“.

Það er hins vegar vert að benda á að í hönnunarstefnu er ekki minnst einu orði á verkfræði. Kannski er það líka bara fínt?

Mér finnst þó rétt að nefna að fyrirtæki eins og Össur, Marel og EFLA eru hönnunarfyrirtæki – nefni hér bara þau 3 sem liggja efst hjá google.

Þau flytja út hugmyndir sem ekki voru til við stofnun Lýðveldisins. Nefnd fyrirtæki urðu að því sem þau eru í dag af því þau völdu sér raunveruleg og afmörkuð verkefni. Þessi verkefni voru leyst með hugviti og þekkingu.

Þau vinna í dag að flestum þeim markmiðum sem nefnd eru í drögum Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytis. „Þverfagleiki“, „nýsköpun“, „sjálfbærni“, „útflutningur“ Þessi fyrirtæki munu 2027 ekki vera gera sömu hlutina og þau eru að gera í dag.

Hvatning mín að þessu innleggi er ekki „mógaði gaurinn sem enginn mynntist á“ heldur einfaldlega sú að það er hreinlega smávandræðalegt kveða kvæði um rjóma og horfa fram hjá stærstu kúnni í fjósinu.

Að sjálfsgöðu er munur á verkfræðingum og iðnhönnuðum. Það getur einnig verið mjög gaman að hlusta á arkitekt rökræða hrjúfleika efna við fatahönnuð.

Með ofangreindu er ekki á nokkurn hátt verið að stinga upp á að „verkfræða“ LHÍ eða muldra í minnimáttakennd að í raun séu allir hönnuðir voða líkir.

En við erum hreinlega of fá til að nýta ekki frekar þá þætti sem hönnuðum eru sameiginlegir.

Hönnunarstefnan er 2019-27 er allt of þægileg lesningar. Hún tekur enga afstöðu. Lofar öllu, útilokar ekkert og mærir „þjónustulausnir“ sem flestir geta tekið til sín.

Takk fyrir þægilegan formála!

Ef þessi þvogla á að kallast stefna mun allt halda áfram að rúlla eins og alltaf – fram að næsta eldgosi.

1. Þorið að segja hvað á að gera – með 350.000 manns náum við ekki að gera allt.
2. Stingið upp á forgangsröðun – það verður óvinsælt en þá er amk. tekin afstaða.
3. Komið með skýra tillögu að því hvernig eigi að ná því sem stefnt er að.
4. Talið um pening og mannskap – annars verður „stuðningskerfi nýsköpunar“ hús án sálar og hitaveitu.

Sigurður Gunnarsson
Verkfræðingur